



FKB

Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir

Ársskýrsla 2019-2021

Stjórn FKB

Formaður

Anna Eir Guðfinnudóttir

Gjaldkeri

Arna Garðarsdóttir

Ritari

Sóley S. Bender

Meðsjórnendur:

Íris Björg Jónsdóttir

Yvonne K. Fulbright

Aðalfundur og starf stjórnar

Aðalfundur fór fram 28. maí 2019. Þar var kosin ný stjórn eftir að félagið hafði legið í dvala um nokkurt skeið. Ný stjórn hefur fundað reglulega á síðustu 2 árum, en Covid-faraldurinn hafði töluverð áhrif á tíðni funda. Aðalfundi sem átti að vera 2020 var meðal annar frestað vegna faraldursins. Yvonne K. Fulbright kom inn í stjórn á miðju stjórnarári og tók þátt í vinnu stjórnar frá árinu 2020.

Verkefni stjórnar voru eftirfarandi:

- Stjórnin fór yfir lög félagsins með það að markmiði að gera þau aðgengilegri
- Stjórnin vann nýja markmiðaáætlun/starfsáætlun
- Unnin var undirbúningsvinna fyrir nýja heimasíðu félagsins
- Stjórn var hluti af stýrihóp um endurskoðun kynfræðsluefnisins „Ungt fólk og kynlíf“
- Stjórn FKB tók þátt í að halda fræðslukvöld fyrir aðra kynfræðara í samvinnu við Kynís, félag kynfræðinga

Alþjóðastarf

FKB hefur áður verið eitt af aðildarfélögum *International Planned Parenthood Federation* – IPPF sem stofnuð voru árið 1952 á Indlandi. Samtökin eru alþjóðleg samtök sem byggjast upp með aðild aðildarfélaga frá um 180 löndum. Samtökin eru deildarskipt eftir heimsálfum og hefur FKB tekið þátt í samstarfi annarra evrópskra félaga. Heildarmarkið IPPF er meðal annars að sjá um og berjast fyrir heilbrigði, réttindum og valkostum á öllum sviðum sem snerta kynferðismál, kynferði og barneignir. Þau sjá um ráðgjöf, heilsugæslu á sviði kvensjúkdóma, HIV-tengda starfsemi, sjúkdómsgreiningar og meðferð kynsjúkdóma, mæðravernd og þungunarrof auk annarrar þjónustu á u.þ.b. 40.000 þjónustustöðvum með aðstoð þúsunda sjálfboðaliða. Samtökin halda uppi hugmyndafræðilegri baráttu fyrir mannréttindum tengdum kynheilbrigði, traustri mæðravernd, jafnræði kynja og jákvæðu umhverfi gagnvart kynferðismálum. Loks berjast samtökin fyrir valfrelsi fólks á sviði kynferðismála og fjölskylduáætlana, þ.e. því að fólk geti valið um fjölda barna sem það vill eignast, geti valið um öryggi í kynferðismálum og valið um að fá góða lækni meðferð og umönnun. Mikill styrkleiki fylgir því að vera hluti af svo öflugum heimssamtökum og hafa slíkt bakland sem IPPF er.

Stjórnarmeðlimir FKB hafa sótt aðalfundi IPPF í Evrópu en IPPF skiptist í sex svæðissamtök. IPPF-EN er eitt svæðissamtakanna, en þar komu saman aðildarfélög IPPF frá 15 löndum, m. a. Frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð. IPPF-EN hefur boðið einum til tveimur stjórnarmeðlimum aðildarsamtaka á fundina. FKB hefur ekki sótt þessa fundi síðastliðin ár, eða frá árinu 2015.

Til þess að fá að vera aðildarsamtök að IPPF þá þarf að uppfylla ákveðin skilyrði og samtök að fara í gegnum *accreditation process*, eða viðurkenningarferli IPPF. FKB hefur áður hlotið viðurkenningu fyrir fyrsta stig í þessu ferli 2009 og 2014 fengu samtökin viðurkenningu fyrir annað stig. Í þessu viðurkenningarferli felst að aðildarsamtökin meti starfsemi sína og kortleggi starfsemi og markmið stöðugt líkt og í fyrsta hluta viðurkenningar ferlisins en kannski stöðugar og nákvæmar. Þetta krefst mikillar vinnu sem erfitt gæti verið að koma í framkvæmd ef ekki næst fjármagn til samtakanna.

Það er mikilvægur partur af starfsemi FKB að halda stöðu sinni sem aðildarsamtök IPPF. Með þeirri aðild tengjumst við alþjóðlegum áherslum innan kynheilbrigðis og opnum möguleika á samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir innan málaflokksins. Góð tengsl voru komin á milli FKB og systur samtaka okkar í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Líklegt er að auðvelt sé að endurverkja þau tengsl með auknu starfi samtakanna og styrkja þessi tengsl enn frekar.

Áætlun fyrir framtíð FKB

Markmiðum FKB er betur lýst í framkvæmdaráætlun félagsins, en hér verður stiklað á stóru.

- Stefna að því að fá áhugasama aðila í stjórn samtakanna
- Vinna að því að fá fleiri meðlimi í samtökin með fjölbreyttan bakgrunn
- Endurverkja starfsemi FKB.
- Kynna samtökin út á við og taka þátt í viðburðum tengdum málflokknum og taka þátt í samfélagsumræðunni með greinaskrifum
- Vekja athygli á málefnum er varða kynheilbrigði, meðal annar með fræðsluefni á heimasíðu samtakanna
- Skoða mögulegt samstarf t.d. við aðra aðila sem vinna að kynheilbrigði
- FKB mun leggja sig fram í að vera til ráðgjafar innan þeirra verkefna og þróunar sem unnin er um kynheilbrigðismál á Íslandi
- FKB vonast til þess að bæta tengsl og samvinnu við IPPF
- FKB stefnir að því að læra af reynslu annarra samtaka með því að vera vakandi fyrir því starfi sem unnið er af öðrum með sameiginleg markmið og einnig stefnir FKB að því að miðla af eignin reynslu með því að verða sýnilegri út á við, með lifandi facebook síðu og greinaskrifum eða viðtölum í fjölmiðlum.
- FKB stefnir að því að auka samstarf við heilbrigðisstofnannir og menntastofnanir með því að kynna starfsemi sína á þeim vettvangi
- FKB stefnið að því að sækja um styrki fyrir starfsemi sinni og útgáfu fræðsluefnis

Lokaorð

Mikilvægt er að endurverkja starfsemi FKB og manna stjórn með áhugsömu fólki með þverfaglegan bakgrunn. Nauðsynlegt er að endurverkja tengsl við IPPF og koma aftur á því góða samstarfi sem komið var vel í gang.

FKB stefnir áfram að því að verða þekkt fyrir sérfræðiþekkingu innan kynheilbrigðis með alþjóðlegu samstarfi og þverfaglegri þekkingu. Með auknu samstarfi, fjölgun meðlima og meiri sýnileika vonast samtökin til að auka fjárhag sinn til frekari starfa. Það gefur auga leið að með auknu

fjármagni væri hægt að koma aftur á launaðri stöðu framkvæmdastjóra að nýju og/eða ráða inn starfsfólk til ýmissa verkefna og þannig vinna meira af því starfi sem framundan er á skilvirkari hátt. Einnig er mikilvægt að samtökin geti mætt á þá samstarfsfundi sem haldnir eru til að geta haldið því samstarfi sem hafið er við samtökin á Norðurlöndunum sem og IPPF í Evrópu. Það hamlar starfsemi samtakanna að alla vinnu þurfi að vinna vinna í sjálfböðavinnu stjórnarmeðlima, því verkefni á sviði kynheilbrigðismála hér á landi eru vissulega margvísleg, en fyrst og fremst mikilvæg.